

Bæjarskrifstofa Garðabæjar	
Mótt.dags.	16.08.2017
Málakitt	09.0
Mál nr.	1701306



Kópavogsbær

Fannborg 2
200 Kópavogur
Sími 570 1500
kopavogur.is

Bæjarskrifstofur Garðabæ,
Arinbjörn Vilhjálmsson, skipulagsstjóri
Garðatorgi 7
210 Garðabæ.

Kópavogi, 10. ágúst 2017
1611458/510.02 BHS

Nónhæð. Breyting á aðalskipulagi og deiliskipulagi.

Bæjarstjórn Kópavogs samþykkti 13. júní 2017 að auglýsa í samræmi við 1. mgr. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 tillögu að breyttu Aðalskipulagi Kópavogs 2012-2024. Tillagan fjallar um breytingu á landnotkun og talnagrunni fyrir Nónhæð. Nánar tiltekið nær breytingin til svæðis sem afmarkast af Arnarnesvegi í suður, Smárahvammsvegi í austur, lóðamörkum húsa sunnan Foldarsmára í norður og húsagötu að Arnarsmára 32 og og 34 í vestur. Í gildandi aðalskipulagi er landnotkun á svæðinu samfélagsþjónusta og opin svæði en breytist samkvæmt tillögunni í íbúðarbyggð og opin svæði sem mun nýtast almenningi til leikja og útiveru. Áætlað er að fjöldi íbúða verði allt að 140. Tillagan er sett fram í meðfylgjandi greinargerð dags. í maí 2017.

Vakin er athygli á því að samtímis tillögu að breyttu aðalskipulagi Nónhæðar er til kynningar tillaga að breyttu deiliskipulagi fyrir ofangreint svæði samþykkt í bæjarráði Kópavogs 10. ágúst 2017. Tillagan er sett fram á uppdrætti í mkv. 1:1000 ásamt greinargerð, skýringarmyndum, skipulagsskilmálum og skýringarhefti dags. í júlí 2017. Tillögunni fylgir greinargerð VSÓ ráðgjöf: Breyting á deiliskipulagi Nónhæðar, Umhverfismat skv. 12. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 dags. í júlí 2017 og greinargerð VERKÍS: Nónhæð - deiliskipulag minnisblað varðandi hljóðvist dags. 7. júlí 2017.

Ofangreindar tillögur, tillaga að breyttu aðalskipulagi og tillaga að breyttu deiliskipulagi eru báðar aðgengilegar á heimasíðu bæjarins, www.kopavogur.is og í afgreiðslu skipulags- og byggingardeildar Umhverfissviðs í Fannborg 6, 2. hæð frá kl. 8:30 til 16:00 mánudaga til fimmtudaga og á föstudögum frá kl. 8:30 til 15:00. Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillögunar.

Athugasemdir og ábendingar skulu hafa borist skriflega til skipulags- og byggingar Umhverfissviðs, Fannborg 6, 200 Kópavogi eða á netfangið skipulag@kopavogur.is eigi síðar en kl. 15:00 föstudaginn 29. september 2017.

Virðingarfyllt,

Birgir Hlynur Sigurðsson, skipulagsstjóri